

STJÓRNARTÍÐINDI A 26 – 1995

7. nóvember 1995

675

Nr. 119

LÖG

um breytingu á lögum um þingfararkaup og þingfararkostnað, nr. 88/1995.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Greiðsla þingfararkostnaðar skv. 6. og 7. gr. er framtalsskyld, sbr. lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, en ekki skattskyld. Um greiðslur skv. 8. gr. fer eftir þeim reglum sem ríkisskattstjóri setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. nóvember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Davíð Oddsson.